



Borðtennissamband Íslands
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

A F R E K S S T E F N A B T Í

Sameiginlegt markmið borðtennishreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksfólk í borðtennis sem skipar sér í fremstu röð. Markmiðið er að tryggja möguleika afreksfólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum iðkenda og auka menntun, færni og kunnáttu þjálfara á Íslandi. Í því felst að efla hæfni og færni allra þeirra sem koma að afreksstarfi borðtennishreyfingarinnar í nútíð, en ekki síður þeirra sem vinna fyrst og fremst við uppbyggingu afreksfólks framtíðarinnar.

Til þess að ná markmiðum sínum setur borðtennishreyfingin sér tímabundnar og markvissar áætlanir um frammistöðu á stórmótum svo sem HM og EM. Borðtennissamband Íslands setur sér markmið og kynnir þau fyrir borðtennishreyfingunni og afrekssviði ÍSÍ. BTÍ stefnir til langframa að því að styðja við einstaklinga og félög þannig að þau geti styrkt sig og unnið að langtímamarkmiðum. Árangur í keppni er metinn sem skref til aukinna afreka.

Afreksstefna Borðtennissambandsins er kynnt á ársþingi BTÍ.

Skilgreining afreka í borðtennisíþróttinni.

Afreksmaður í borðtennis er hver sá borðtenniðkandi sem nær skráningu inn á heimslista ITTF og ETTU í borðtennis. Afreksefni telst það borðtennisfólk sem ekki hafa náð jafn langt og afreksfólkið en talið að með markvissri og mikilli þjálfun geti skipað sér á bekk með þeim bestu.

BTÍ axlar ábyrgðina á því að halda úti afreksstefnu en þó er öllum ljóst að borðtennishreyfingin verður að standa sameiginlega undir þeirri ábyrgð ásamt BTÍ. Félög og einstaklingar þurfa að hafa ríkan metnað til að ná langt, vera tilbúin að leggja áætlanir sínar fram og axla þá ábyrgð sem fylgir því að framkvæma slíkar áætlanir og gera þær upp í lokin.

Ástundun er forsenda afreka – Ástundun er forsenda þátttöku.

Öll vinna að því að ná settu marki á að vera innan siðferðisgilda íþróttá. Það ber að stefna að því að ástundun afreksfólks sé hluti af lífsmynstri og þau ár sem það helgar íþróttinni krafta sína komi ekki niður á þroska þess og undirbúningi fyrir að takast á við lífið að íþróttáferli loknum.

Ástundun ásamt skýrum markmiðum er forsenda þess að borðtennisfólk hafi tækifæri til þátttöku í landsliðsverkefnum og einnig að borðtennisfólk geti unnið til afreka og skipað sér á bekk með þeim bestu.

Markviss ástundun og stöðugleiki í umhverfi borðtennisfólks ásamt viðunandi starfsumhverfi og faglegum vinnubrögðum þeirra sem aðstoða það á hverjum tíma er ávísun á góða uppskeru og árangur í framtíðinni.

Bætt aðstaða og skýr ábyrgð til stuðnings afreksstarfinu.

Borðtennissamband Íslands setur sér eftirfarandi markmið til að bæta aðstöðu borðtennisfólks og aðstoðarfólks. Með því tekur BTÍ frumkvæði og ábyrgð í uppbyggingu afrekslandsliða í borðtennis.

- a) Borðtennismiðstöð Íslands verður sett á laggirnar.
- b) Landsliðsþjálfari verði ráðinn ef fjárhagsstaða BTÍ leyfir.

- ef ekki ber formaður BTÍ ábyrgð á landsliðum ásamt Landsliðsnefnd BTÍ.
- c) Hlutverk og verkefni Landsliðsnefndar BTÍ verði skilgreind á ný.
- d) Stoðþjónusta, ss fræðsludagskrá og fagteymi verði aðgengilegt fyrir afreksborðtennisfólkið.
- e) Landslið verði kölluð til æfingabúða í aðdraganda alþjóðlegra verkefna.
 - auk keppenda í komandi móti verði afreksefni kölluð til þátttöku í æfingabúðum.
- f) Sett verði á laggirnar sérstök sumarþjálfun landsliðsfólks í samráði við þjálfararáð BTÍ.
- g) Stuðlað verði að hvetjandi umhverfi afreksefna í borðtennis.
- h) Kallað verði reglulega eftir áætlunum og markmiðum borðtennisfólks og þau endurskoðuð a.m.k. einu sinni á ári.
- i) Þjálfarar og aðrir sem koma að uppbyggingu afreksborðtennisfólks verða boðaðir til fræðslu og samráðs af Landsliðsnefnd.
- j) Sett verði skýr mælanleg markmið t.d. um fjölda og stöðu borðtennisfólks á heimslista.
 - markmið verði sett upp fyrir næstu 5 og 10 ár og verði þau markmið endurskoðuð árlega með hliðsjón af árangri.
- k) Afrekslandsliðsfólk í borðtennis þurfi ekki að greiða með sér á HM, EM og Smáþjóðaleika.
- l) Árlega verði kallað til ráðstefnu þjálfara og annarra til að ræða framtíðarmarkmið í afreksmálum.
- m) Að skólar viðurkenni fjarveru borðtennisfólks vegna landsliðsverkefna.

Gerum vel það sem við gerum – sleppum því að öðrum kosti.

Reykjavík, 24. október 2013,
Stjórn BTÍ